

Lög

um

löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugjörð um eyðing refa, eður um önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugjörðir um, samkvæmt 39. gr. 2. tölul. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, skal hún senda frumvarp sitt amtsráðinu til samþykktar og löggildingar. Fallist amtsráðið á frumvarpið, þá staðfestir það reglugjörðina og fyrirskipar, hvenær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Forseti amtsráðsins hlutast til um, að reglugjörðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

2. gr.

Í reglugjörð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð frá 1 kr. til 200 kr., og má til taka, að uppljóstarmaður eða uppljóstarmenn hljóta skuli allt að helmingi sektarfjárins. Sektirnar renna að öðru leyti í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

3. gr.

Kostnað við eyðing refa skal greiða úr sveitarsjóði.

4. gr.

Með afbrot gegn löggiltum reglugjörðum sýslunefnda, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalþuborg, 22. marz 1890.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

om

Sysselforstanderskabers autoriserede Regulativer.Nr. 14.
22de
Marts.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar et Sysselforstanderskab vil erholde Autorisation paa et Regulativ om Udryddelse af Ræve eller om andre Anliggender, som det, i Genhold til Forordning om de islandfke Landkommuners Styrelse af 4de Mai 1872 § 39 Nr. 2 har at fastsætte Regulativer for, bør det indsende sit Forslag desangaaende til Amtsraadet til Godkjendelse og Autorisation. Saafrømt Amtsraadet tiltræder Forslaget, stadfæster det Regulativet samt bestemmer Tiden for dets Strafftræden, fra hvilken Tid det da har Lovskraft. Amtsraadets Formand foranstalter Regulativet trykt i Regjeringstidendens Afdeling B.

§ 2.

For Dvertrædelse af et autoriseret Regulativ kan der i samme bestemmes Bøder fra 1 til 200 Kr. og fastsættes, at indtil Halvdelen af Bøderne tillægges Angiveren eller Angiverne. Forøvrigt tilfalde Bøderne den Kommunes Kasse, hvor Dvertrædelsen er begaaet.

§ 3.

Omføstninger ved Udryddelsen af Ræve udredes af Kommunekassen.

§ 4.

Sager i Anledning af Dvertrædelser af Sysselforstanderskabernes autoriserede Regulativer behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de Marts 1890.

Under Vort kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.